

Leiðbeinandi viðmið um óvenjubundin eftirlit

Ásamt því að fara í reglubundin eftirlit á starfsstöðvar rekstraraðila sbr. 1. mgr. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018, hafa eftirlitsaðilar heimild til að fara í óvenjubundin eftirlit til rekstraraðila. Um óvenjubundin eftirlit er fjallað í 4. og 5. mgr. 57. gr.

Tilfni til vettvangsheimsóknar umfram reglubundnar heimsóknir (óvenjubundið eftirlit)

1. Sýni eftirlit fram á verulegt brot rekstraraðila á leyfisskilyrðum, skal fara fram viðbótareftirlit innan sex mánaða frá því eftirliti.
2. Til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum eða tilvikum þar sem reglum er ekki fylgt. Í slík eftirlit skal fara eins fljótt og auðið er, og eftir því sem við á, fyrir veitingu, endurskoðun eða uppfærslu leyfis. Eftirfylgni er haldið áfram þar til gripið hefur verið til aðgerða sem stofnunin telur fullnægjandi.

Undirbúningur

Við skráningu frávíka er mikilvægt að eftirlitsaðili meti alvarleika þeirra m.t.t. hvort fara þurfi í óvenjubundna vettvangsheimsókn eftirlits sbr. lið 1 hér að ofan.

Ef það þarf að fara inn á lóð rekstraraðila þá þarf að upplýsa eftirlitsþega um komu eftirlitsaðila.

Miða skal vettvangsheimsókn óvenjubundins eftirlits að þeim þáttum sem gefur tilfni til sbr. þá þætti sem taldir eru upp hér að framan.

Vettvangsferð

Eftirlitsaðili tekur myndir og skráir niður lýsingum á þeim þáttum sem skipta máli. Mikilvægt er að taka myndir af því sem er skoðað og lýsa því með orðum. Ef einhver annar en sá sem ber faglega ábyrgð með eftirlit með fyrirtækinu framkvæmir þá er mikilvægt að hafa samvinnu við hann við vinnslu á skoðunarskýrslu til að gæta samræmis við reglubundið eftirlit.

Ef við yfirferð eða skoðun komi í ljós alvarleg frávik er varða bráða hættu fyrir umhverfi eða almenning skal eftirlitsaðili koma ábendingum strax til rekstraraðila. Þá skal umsvifalaust metið hvort beita þurfi þvingunarúrræðum og/eða gefa út tilkynningar til almennings sbr. leiðbeinandi viðmið um eftirfylgni frávíka og reglubundið eftirlit.

Skýrslugerð

Gerð skal stutt skoðunarskýrsla sem gerir grein fyrir niðurstöðum. Komi í ljós frávik við eftirlit skal senda formlega eftirlitsskýrslu sbr. leiðbeinandi viðmið um reglubundið eftirlit. Ef engin frávik finnast við skoðun skal eftir atvikum fara yfir skoðunarskýrslu í næsta reglubundna eftirliti.

Afstaða tekin til reikninga

Ef við á skal reikningur fyrir eftirliti sendur skv. verklagsreglum viðkomandi svæðis/stofnunar.

Eftirfylgni

Halda skal utan um fresti sem veittir voru til úrbóta og þeim fylgt eftir sbr. leiðbeinandi viðmið um eftirfylgni frávíka.